

Endurrit úr fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árneseinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árneseinga.

Fundur á Héraðsskjalasafni Árneseinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 20. september 2022.

Fundur settur kl. 08:15.

Mætt: Gestur Þór Kristjánsson, Brynhildur Jónsdóttir, Jón Bjarnason og Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kynning á safninu og starfsemi

Starfsáætlun lögð fram og farið stuttlega yfir lögbundið hlutverk safnsins og helstu verkefni.

2. Fjárhagsáætlun 2023

ÞTM fer yfir fjárhagsáætlun 2023.

Áætlun á tekjuhlíð er kr. 58.820.000,-

Áætlun á rekstrargjöld er kr. 58.213.000,-

Rekstrarniðurstaða er því 7.000,-

Hækkanir tengjast nær eingöngu launalið þar sem verið er að bregðast við aukinni stafrænni þjónustu sveitarfélaga við íbúa og langtímavörslu gagna í rafrænum gagnakerfum sveitarfélaga. KPMG hefur unnið skýrslu um stafræna framtíð sveitarfélaga sem kom út í júní 2022. Hluti af lykilniðurstöðum eru m.a. að styrkja þarf verulega faglega umgjörð sveitarfélaga þegar kemur að upplýsingatækni og stafrænni þróun, leggja þarf tíma og fjármagn í að tilkynna rafræn gagnasöfn og hefja þarf af alvöru vegferð í átt að rafrænum skilum. Í skýrslunni kemur skýrt fram að sú vinna er bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Sveitarfélög þurfa að tryggja að móttökuaðilar, héraðsskjalasöfnin, séu í stakk búin til að taka á móti rafrænum gagnasöfnum. Sjálfsaflafé og styrkir eru um 25% af tekjum. Sjá frekar greinargerð með fjárhagsáætlun.

GPK, BJ, JB og ÞTM tóku til máls. Fjárhagsáætlun samþykkt.

3. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins

GPK fer yfir stöðu húsnæðismála og kynnir þá kosti sem framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga bs. hefur skoðað, þ.e. húsnæði við Austurveg 54 á Selfossi og húsnæði við Hafnarskeið 6 í Þorlákshöfn. Þá rætt um mögulega nýbyggingu á Eyrarbakka og aðra möguleika.

Rætt var að besti kosturinn sé að starfsemi safnsins verði öll í eina og sama húsnæðinu, en einnig var rætt um tvískiptingu á húsnæði, þ.e. móttöku, skrifstofu- og vinnuhúsnæði auk skjalageymslu og fjargeymslu en skipting húsnæðis gæti lækkað stofnkostnað við flutning safnsins í nýtt húsnæði. Tvískipting á ekki að

hafa neikvæð áhrif á faglega vinnu starfsfólks en mikilvægt er að tryggja að vinnuaðstaða sé að mestu undir sama þaki. Þarfagreining á húsnæði sem unnin var af héraðsskjalaverði og þarfagreining sem unnin var af Verkfræðistofunni Eflu miða báðar við um 750-800m² húsnæði sem skipt er í 400m² móttöku, skrifstofu- og vinnuhúsnæði og þá 300-350m² í skjalageymslur.

Brýnt að setja húsnæðismál safnsins í farveg og finna varanlega lausn og hvetur stjórn safnsins Héraðsnefnd til að finna farsæla lausn á málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.

Gestur Þór Kristjánsson [sign]

Brynhildur Jónsdóttir [sign]

Jón Bjarnason [sign]

Þorsteinn Tryggvi Mátsson [sign]